

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Nefndasviði Alþingis við Austurvöll

101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/692
komudagur 13.12.2013

13.12.2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013

(þingskjal 199 – 167. mál)

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi leggjast eindregið gegn frumvarpi til laga um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ný náttúruverndarlög eru mikið framfaraskref til verndar hinni einstöku og verðmætu náttúru Íslands. Lögin eru heildstæðari, umfangsmeiri og skýrari en fyrri náttúruverndarlög nr. 44/1999. Að auki taka ný náttúruverndarlög mið af ýmsum alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur samþykkt og fullgilt og taka mið af verndun náttúrusvæða, tegunda og líffræðilegum fjölbreytileika.

Ný lög um náttúruvernd (nr. 60/2013) byggja á fræðilegum og samfélagslegum grunni og leitast var við að ná sem víðtækustu samráði í opnu og gagnsæu ferli þar sem tekið var tillit til fjölmargra ólíkra sjónarmiða. Í lögnum eru meginreglur umhverfisréttar á Íslandi lagðar til grundvallar, t.d. vísindalegur grundvöllur ákvörðunartöku, varúðarreglan og mengunarbótareglan.

Eldvötn styðja heilshugar umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands og annara frjálsra félagasamtaka sem leggjast gegn brottfalli laga nr. 60/2013

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að gæta að hagsmunum náttúrunnar, draga umrætt frumvarp til baka og tryggja gildistöku laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að öðrum kosti er Alþingi hvatt til þess að fella frumvarpið.

Virðingarfyllst

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Hilmar Gunnarsson

Jóna Björk Jónsdóttir

Ólafía Jakobsdóttir

Rannveig Ólafsdóttir

Valgerður Erlingsdóttir